Innviðaráðuneytið
Skrifstofa samgangna
Umsögn í samráðsgátt stjórnvalda

Akureyri, 10. ágúst 2022

Efni: Umsögn Ferðamálastofu um drög að reglugerð um umferðamerki og notkun þeirra

Ferðamálastofa fagnar því að tekin verði upp brún skilti á Íslandi til að vísa á tiltekna ferðamannastaði líkt og sjá má víða um heim. Erlendir ferðamenn þekkja brún skilti og þau eru mikilvæg þegar það kemur að stýringu ferðamanna.

Töluvert samtal hefur átt sér stað á milli hagaðila um að koma upp brúnum skiltum, m.a. milli Vegagerðar, Ferðamálastofu, Stjórnstöðvar ferðamála, ráðuneytis ferðamála og áfangastaðastofa. Þá hefur Vegagerðin látið vinna þrjár samantektir þar sem fjallað er um umræddа vegvísa sem og áætlun um ferðamannavegi; 1)Vegvísun að ferðamannastöðum – brún skilti, Mannvit og Vegagerðin apríl 2019. 2) Stefnumótun og skilti meðfram vegakerfinu, VSO ráðgjöf og Vegagerðin apríl 2016. 3) Ævintýravegurinn – tillaga að vinnuferli við áætlanagerð ferðamannavega, Matthildur B. Stefánsdóttir janúar 2016.

Í reglugerðinni sem nú er til umsagnar er lagt til að eingöngu sé vísað á ferðamannastaði sem uppfylla viðmið Vörðu, en í 22. gr. segir *„Hvítur texti á brúnum fleti með hvítum jaðri er notaður við vísun á ferðamannastaði sem uppfylla viðmið Vörðu sem ráðuneyti ferðamála setur. Vegnúmer eru á hvítum bakgrunni. Vörður eru merkisstaðir á Íslandi sem teljast einstakir á lands- eða heimsvísu. Meginaðdráttarafl þeirra eru náttúrufyrirbæri og/eða menningarsögulegar minjar sem mynda sérstætt landslag eða landslagsheildir.“*

Ef nota á viðmið Vörðu sem viðmið fyrir umrædd skilti, þurfa þau viðmið verulegrar endurskoðunar við að mati Ferðamálastofu. Þá er í reglugerðinni ekki lagt til að vísað verði á ferðamannaleiðir, sem er miður. Hér á landi hefur verið unnið að uppbyggingu ýmissa ferðamannaleiða sem eru fjölsóttir ferðamannastaðir og mikið aðdráttarafl fyrir erlenda ferðamenn. Má þar nefna Norðurstrandaleið, Vestfjarðaleið og Demantsleið. Þá hefur Gullni hringurinn fyrir löngu öðlast sess sem ein vinsælasta ferðamannaleið hér á landi. Víða erlendis eru brún skilti nýtt til að vísa á ferðamannaleiðir sem og ferðamannastaði og má í því sambandi benda á Frakkland, Þýskaland, Danmörk, Noreg, Svíþjóð Bandríkin og Ástralíu.

Ferðamálastofa hvetur til þess að viðmið verði búin til fyrir ferðamannastaði og ferðamannaleiðir og að í kjölfarið verði sett brún skilti við viðkomandi staði og leiðir sem

uppfylla sett skilyrði. Slík viðmið mættu byggja á viðmiðum Vörðu en þó með á verulegum breytingum og er Ferðamálastofa tilbúin að koma að þeirri vinnu.

Að öðru leyti telur Ferðamálastofa það að setja upp brún vegvísunarskilti heillaskref og fagnar því að þau skulu tekin með þessari reglugerð.

Elías Bj. Gíslason
Forstöðumaður gæða- og þróunarsviðs